



Ellefti stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Hallgerðargötu 9a í Reykjavík föstudaginn 31. janúar 2025, klukkan 13.15 – 15.00

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri, Soffía Vagnsdóttir formaður menntamálanefndar og á ZOOM Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti, Ásta Egilsdóttir ritari, Eygló Börnsdóttir vefstjóri og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir í menntamálanefnd.

Dagskrá fundar:

1. **Afmælisráðstefnan og tillögur menntamálanefndar.**
 2. **Gera tímasetta áætlun fyrir verkefni, verkaskiptingu og kostnaðaráætlun (m.a. kostnað vegna prentunar afmælisrits)**
 3. **Ráðstefnan í Brighton**
 4. **Önnur mál**
1. **Afmælisráðstefnan:** Húsnæðismálin frágengin, þ.e. Salurinn í Kópavogi fyrir ráðstefnuna og Grand-hótel fyrir hátíðardagskrá og gistingu – 20 herbergi frátekin.

Skráning á ráðstefnuna: Ásta heldur utan um skráningu með aðstoð Eyglóar og Guðrúnar Bents. Ákveðið að rukka fyrir gjaldið í gegnum heimabanka. Hefja skráningu sem fyrst. Muna eftirfarandi:

- a. Afboðun á ráðstefnuna þarf að koma í síðasta lagi tveimur vikum fyrir ráðstefnu.
- b. Afsláttur á hótélherbergi ef bókað er fyrir ákveðinn tíma (ath. tímasetning).
- c. Reikningur kemur í heimabanka 1. apríl.
- d. Samgöngur á milli Salarins og Grand-hótel (ath. númer á strætó).

Fyrirlestrar/erindi/atriði á ráðstefnu og hátíðardagskrá sem eru í vinnslu:

- Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir – Skýrist um miðjan mars hvort hún kemst.
- Dr. Beverly Hall-Maughan, alþjóðaforseti DKG
- Anna Hildur Hildibrandsdóttir, Vísindi og skapandi hugsun. (Skapandi greinar og nýsköpun. Listir og skapandi greinar.)
- Bryndís Jóna Jónsdóttir, Well-being of Educators. (Jákvæð sálfræði – Hvað er fólk að gera sem telur sig hamingjusamt?)
- Sunneva Halldórsdóttir, Efnasúpan
- Soffía Vagnsdóttir. Hvað gleður okkur?
- Söngatriði – Sigrún Pálmadóttir
- Afmælissöngurinn – Theodóra Þorsteinsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir og Jónína Eiríksdóttir
- Samsöngur undir stjórn Soffíu Vagnsdóttur

- Uppistand – Lollý Magg
- Menntamálaráðherra – Kanna möguleika með móttöku.

Tímasetningar liggja ekki fyrir en tekið mið af vorrástefnunni 2024 sem féll niður.

2. **Fjármálin:** Björg fór yfir fjármálastöðuna sem er góð.

Afmælisritið: Rætt um prentaða útgáfu ritsins. Ákveðið að Björg kanni kostnað við prentun á 100 eintökum af pappírskilju í tveimur litum annars vegar og fjórum litum hins vegar. Fram kom að hægt væri að hafa prentuðu útgáfuna einfaldari í sniðum en þá rafrænu.

Vefur DKG: Rætt um hvort leggja ætti í uppfærslu/endurnýjun á vef DKG. Árný, Ásta og Eygló leita upplýsinga um kostnað o.fl. sem þessu fylgir.

Stofnfélagar sem á að heiðra: Málfríður kannar hvort fleiri konur en þær tvær sem eru nú í Alfa hafi komið að stofnun deildarinnar.

Gjafir til ráðstefnugesta: Rósa Marta kannar hvort fyrirtækið ORF Líftækni er til í að veita gjafir.

Fordrykkur: Björg skoðar kostnað við að DKG bjóði upp á fordrykk á hátíðarkvöldinu.

3. Ekki náðist að ræða um ráðstefnuna í Brighton á Englandi 18. - 20. júlí 2025. Upplýsingar koma bráðlega.
4. Ásta flutti hópnum kveðju frá Regnheiði Stefánsdóttur, Gammadeild og áður Betadeild.

Næsti stjórnarfundur verður 21. febrúar 2025 kl. 14.00

Fundi slitið kl. 15.00

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025